

## Skýrsla um viðræður nefndar Skógræktarfélags Íslands við Land og skóg (LOGS)

Verkefnið var samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2023:

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. – 3. september 2023, samþykkir að aðalfundurinn kjósi þrjá fulltrúa í nefnd sem hafi það verkefni að vinna að samþættingu verkefna þegar ný stofnun hefur tekið við af Landgræðslunni og Skógrækinni. Nefndin vinni í nánu sambandi við stjórn Skógræktarfélags Íslands. Það er mikilvægt að efna til samvinnu við nýja stofnun.*

Í nefndina voru kosnir fyrir hönd skógræktarfélaganna Kjartan Ólafsson, Magnús Jóhannesson og Jóhannes Benediktsson.

Nefndin hefur haldið þrjá fundi með forstöðumanni og öðrum fulltrúum Lands og skógar; 11. nóvember 2023, 6. desember 2023 og 18. júní 2024.

### **Helstu umræðuefni og áherslur:**

- Uppbygging nýrrar stofnunar – skipurit (helstu svið) og markmið/áherslur. Kjarnahlutverk LOGS er að vera þekkingaraðili (rannsóknir og gagnaöflun). LOGS nú þekkingar-, umsjónar- og eftirlitsaðili og í samkeppni við skógræktarfélag/einkaaðila, einkum varðandi nýtingu skógarafurða. Mikilvægt að LOGS styðji við, en hamli ekki uppbyggingu sjálfstæðs skógargeira, t.d. skógarverktaka eða markaðssetningu skógarafurða, með niðurgreiðslu/undirverðlagningu í beinni samkeppni við skógræktarfélagin eða skógarbændur.
- Áskoranir skógræktarfélaganna – að mestu sjálfbóðaliðastarf, sem takmarkar getu hvað varðar framkvæmdir og fjáröflun, en félögin verða að markaðssetja afurðir sínar á kostnaðarverði. Sala skógarafurða (eldiviður, jólatré, kurl o.s.frv.) mikilvæg tekjuöflun fyrir hluta félaganna. Starfsemi skógræktarfélaganna er mjög háð velvilja stjórnvalda hverju sinni og almennings. Óvissa með fjármagn fram í tíma hefur áhrif á samkeppnishæfni félaganna, svo sem við plöntukaup.
- Samvinna – mikilvægt er að efla og styrkja samstarf innan skógargeirans í heild.
  - o Koma þyrfti á sameiginlegum vettvangi fyrir hagsmunaaðila skógræktar til að takast á við málefni sem snerta skógargeirann í heild, s.s. innflutningsmál (eftirlit með innfluttum skógarafurðum), heilbrigðismál skóga (sjúkdómar/meindýr), tölfræði um skógrækt (hagtölur skóga) og fræðslumál.
  - o Miklir samstarfsmöguleikar ættu að vera um ýmis mál, svo sem fræðslumál. Kortleggja þarf helstu samvinnuleiðir, með hliðsjón af getu/þekkingu skógræktarfélaganna og LOGS.

Auk funda með LOGS hefur nefndin með aðstoð starfsmanna SÍ skoðað nokkuð ýmsa tölfræði skógargeirans, s.s. hlutfall skógræktarféлага af heildarstarfsemi skógræktargeirans, afurðasölu (jólatré, arinvið) og innflutning eldiviðar.